



## Fundargerð

Fundur í mennta og menningarmálanefndar Reykhólahrepps  
miðvikudaginn 7. mars 2012, kl. 16:00

Fundarstaður: fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Eiríkur Kristjánsson, Karl Kristjánsson, Ingvar Samúelsson, Björg Karlsdóttir  
leikskólastjóri, Steinunn Rasmus fyrir hönd kennara Reykhólaskóla og Katla Tryggvadóttir frá  
foreldraráði Hólabæjar.

Eiríkur bauð fólk og leitaði afbrigða að taka eitt mál á dagskrá undir liðinn önnur mál og var  
það samþykkt. Þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

#### 1. Fundargerð fundar í mennta og menningarmálanefnd 24. nóvember 2011.

*Nefndin fór yfir fundargerðina og var hún samþykkt.*

#### 2. Sameining grunnskóla og leikskóla Reykhólahrepps.

1. Skólastefna sveitarfélagsins.
2. Greinargerð starfshóps sveitarstjórnarmanna.

*Formaður nefndarinnar lagði fram eftirfarandi tillögu; Mennta – og menningarmálanefnd Reykhólahrepps leggur til við sveitarstjórn að þann 01.08. 2012 verði leikskólinn Hólabær og Reykhólaskóli sameinaðir í eina stofnun. Það felur í sér að stöður skólastjórnenda verði lagðar niður og einn skólastjóri ráðinn yfir bæði skólastigin sem síðan ræður til sín undirstjórnendur.*

*Nefndin samþykkir tillöguna samhljóða.*

*Reykhólahreppur rekur í dag tvær mjög litlar skólaeiningar og er útlit fyrir fækkun barna í nánustu framtíð. Sameining skólanna stuðlar að nánara samstarfi og markvissari stjórnun allra þeirra er að kennslu koma og er líkleg til að skila sterkari faglegri einingu og nýta um leið það fé sem lagt er í skólann á skilvirkari hátt. Ekki er gert ráð fyrir beinum sparnaði við sameiningu skólanna í upphafi þar sem ekki er gert ráð fyrir því að draga úr framlögum til skólamála. Fjöldmörg sveitarfélög hafa góða reynslu af sameiningu skólastofnanna og náð fram með því kostum sem fólk telur að ekki sé hægt að ná með öðrum hætti.*

*Sameining beggja skólastiga sveitarfélagsins hefur fjölmarga kosti í för með sér eins og t.d:*

- Meiri samfella og sveigjanleiki milli skólastiga.
- Skilvirkari stjórnun.
- Betri nýting á mannauði.
- Betri nýting á sérfræðipjónustu.
- Eflir faglegt samstarfi starfsfólks.
- Öflugri sí- og endurmenntun starfsfólks.
- Betri nýting fjármuna í skólastarfi.
- Hagræðing í rekstri með sameiginlegum innkaupum.

- Einföldun í rekstri í litlu samfélagi.
- Mörg tækifæri til nýbreytni og þróunarvinnu óháð aldri nemenda.

**3. Ytra mat skólanna í Reykhólahreppi skv. 37. gr. laga um grunnskóla og 19. gr. laga um leikskóla.**

*Nefndin ákveður að vinna að undirbúningi könnunar fyrir næsta fund.*

**4. Námsvist þriggja nemenda utan lögheimilissveitarfélags tímabilið frá 23. nóvember út skólaárið 2011-2012.**

*Nefndin samþykkir umsóknirnar með fyrirvara um skólakostnað.*

**Mál til kynningar:**

**5. Viðmiðunarreglur vegna dvalar barna á leikskólum utan lögheimilissveitarfélags.**

Viðmiðunarreglur samþykktar af stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 24. febrúar 2012.

*Kynnt.*

**6. Ábyrg og aðgerðir – Niðurstöður þverfræðilegrar rannsóknar á einelti meðal barna á Íslandi.**

Erindi frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu dagsett 19. janúar 2012.  
Meðfylgjandi rit lagt fram á fundinum.

*Kynnt.*

**7. Ályktun kirkjupings 2011.**

Erindi frá framkvæmdastjóra kirkjuráðs dagsett 10. febrúar 2012.

*Kynnt.*

**8. 127. fundur skólanefndar Menntaskólans á Ísafirði haldinn 13. febrúar 2012.**

*Kynnt.*

**Önnur mál (ef einhver):**

**9. Sumarlök leikskólans Hólabæjar.**

*Leikskólastjóri tilkynnti að ákveðin hafi verið sumarlökun frá og með 2. júlí til og með 15. ágúst 2012.*

**Fundargerð lesin, fundi slitið 17:00**

---



---



---

---